



BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum - R19110393

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: 2019120012

Málalýklar: 50.12 Lög frumvörp til laga reglur og reglugerðir

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 02.12.2019

Dagsetning skjals: 02.12.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 2.12.2019 16:02:14

Til: "USK þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum - R19110393

Tilvísun í mál: R19110393

Sæl

Meðfylgjandi Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum er send umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar. Borgarráði skulu berast upplýsingar um vinnslu málsins um leið og þær berast. Sömuleiðis skal upplýsa borgarráð ef ófyrirsjáanlegar tafir verða á vinnslu málsins.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19110393

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum - R19110393

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum - R19110393

Flokkur fólksins leggur til að reglur um gæludýr í strætisvögnum verði sambærilegar og eru í nágrannaborgum. Tilraunaverkefni hefur verið í gangi og gengið vel. Tímabært er að stíga skrefið til fulls. Þær reglur sem eru nú í gildi eru óþarflega strangar og þar sem tilraunaverkefnið hefur gengið vel er engin ástæða til annars en að taka skrefið til fulls. Núverandi meirihluti og einnig sá síðasti undir stjórn sama borgarstjóra hefur lagt á það áherslu að Reykjavík fylgi borgum eins og Osló og Kaupmannahöfn í flestu og ættu reglur um

gæludýr í almenningsvögnum ekki að vera nein undantekning á því. Það er sem dæmi óþarfi að leggja aldurstakmark við því hverjir megi ferðast með gæludýr. Einnig þarf ekki að leggja sérstakt bann við að fólk ferðist með gæludýr á háannatímum. Eigendur gæludýra áttað sig sjálfir á hvað er best fyrir gæludýrið sitt. Flokkur fólksins leggur því til að reglur um gæludýr í strætisvögnum verði eins og reglur í þeim borgum sem Reykjavík ber sig saman við.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við tillögu áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um rýmri reglur fyrir gæludýr í strætisvögnum – R19110393 lögðum fram í borgarráði 28. nóvember 2019:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur verið jákvætt í afstöðu sinni til tilraunaverkefnisins um að leyfa hunda og ketti í Strætó og verið í samvinnu/samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og hagaðila vegna þessa ásamt hinum heilbrigðiseftirlitinunum á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfar þessarar vinnu og tilraunaverkefnis, var reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 breytt sbr. reglugerð nr. 1265/2019 um varanlega heimild að ferðast um með hunda og ketti í Strætó og þau skilyrði sem gilda um slíkt.

Frekari breytingar eða tillögum þar um þarf að beina til ráðuneytisins s.s. að fella niður kröfur um aldurstakmark og tíma sem ferðast má með hunda og ketti í Strætó. HER og önnur heilbrigðiseftirlit/heilbrigðisnefndir ásamt Strætó og öðrum hagaðilum sem koma að málinu á höfuðborgarsvæðinu eru síðan umsagnaraðilar um slíkt.

Reykjavík 16. janúar 2020

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri